

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, nr. 369 30. maí 2000.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein:

Handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða er jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu en þá skal sérstaklega gætt ákvæða 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 78. gr. a umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 6. gr. laga nr. 48 22. maí 1997, svo og með hliðsjón af 90. tölul. í XIII. viðauka (tilmæli 98/376/EB) við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

EES-gerðin sem vísað er til er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 46 1999, bls. 159-163.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. júlí 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um löggildingu endurskoðenda með próf frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands.

1. gr.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tl. 1. mgr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd, skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 18/1997, telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra. Prófnefndin skal leita umsagnar viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands um hvort próf frá öðrum háskólum séu sambærileg og próf frá deildinni og þá hvaða próf umsækjandi þyrfti að taka til þess að fullnægja skilyrðum laganna að þessu leyti.

2. gr.

Til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi, skv. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, að hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár. Heimilt er að allt að tvö ár af þriggja ára lágmarksstarfstíma hafi verið unninn undir stjórn erlendra endurskoðenda, enda séu að mati prófnefndar gerðar sambærilegar kröfur og hér á landi um þjálfun og starfsreynslu.

3. gr.

Umsækjandi um löggildingu til endurskoðunarstarfa á Íslandi, sem hefur fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa erlendis, getur fengið undanþágu frá ákvæðum 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, enda standist hann próf í skattarétti og skattskilum, sem prófnefnd skv. 3. gr. annast og löggilding hans til endurskoðunarstarfa sé að öðru leyti talin sambærileg.